

Umsögn frá sveitarstjórn Rangárbings ytra um drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Í samráðsgátt stjórnvalda eru nú komin til umsagnar drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Reglugerðin er hugsuð sem frekari útfærsla á lögum um Landgræðslu nr. 155/2018. Hér fylgja athugasemdir og ábendingar við drög þessi frá sveitarstjórn Rangárbings ytra.

Eins og þekkt er þá eru reglugerðir settar af stjórnvöldum, það er ráðuneytum, nefndum, ráðum eða stofnunum til að kveða nánar á um ýmis tæknileg útfærsluatriði sem óþarft er að setja í lög og hagkvæmt þykir að stjórnvöld með sérþekkingu sjái um að útfæra. Reglur verða að eiga sér stoð í lögum, sem sett eru af Alþingi, og mega ekki ganga lengra en sem því nemur. Heimildir til að setja reglur eru nokkuð þröngar enda er umboð embættismanna innan stjórnkerfisins ekki fengið frá almenningi. Tilgangur með reglugerð er ávallt að útfæra nánar og skýra hvernig unnið er eftir viðkomandi lögum og því skiptir afar miklu máli að reglugerðir séu glöggar og markvissar og að það sé algjörlega ljóst hvernig starfa ber eftir þeim.

Reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu er mikilvægt plagg til að útskýra hvernig vinna ber á grunni Landgræðslulaganna hvað þennan þátt varðar. Almennt séð teljum við reglur þær sem þarna eru settar fram óþarflega flóknar og ómarkvissar að starfa eftir. Ekki er alltaf ljóst hvað eru ábendingar, tilmæli, ráðleggingar eða ófrávíkjanlegar reglur og hver ber kostnað af eftirliti með þeim. Reglugerðina þarf því að einfalda og skerpa verulega til þess að hún komi að tilhlýðilegu gagni.

Sumt í drögunum er líklega yfirfært beint úr sambærilegum textum hjá öðrum þjóðum en gæta þarf að því að landnýting hér hefur nokkra sérstöðu a.m.k. miðað við flest nágrannalöndin og hætt er við að framkvæmd reglna þeirra sem hér eru settar fram gæti orðið verulega snúin og áreiðanlega mjög kostnaðarsöm. Áhrif reglnanna á þann landbúnað sem nú er stundaður á Íslandi yrðu að öllum líkindum mjög mikil og því er nauðsynlegt að sjá með skýrum hætti hvert þetta mun leiða – áður en reglugerðinni, í þessari mynd, er hleypt af stokkunum. Áhrif reglnanna á íslenskan landbúnað, fjölda þeirra sem við hann starfa og byggðajafnvægi á Íslandi þarf nauðsynlega að meta áður en lengra er haldið.

Gjarnan er gerð sú sjálfsagða krafa til nýrra laga og reglugerða að kostnaður við innleiðingu þeirra sé metinn. Það þyrfti auðvitað að liggja fyrir í þessu tilfelli en einnig þyrfti að skapa betri skilning á þeim breytingum sem yrðu í atvinnuháttum til sveita ef reglugerðin er samþykkt á fyrirliggjandi formi. Áður en lengra er haldið er því nauðsynlegt að tekin verði út nokkur raunveruleg dæmi um beitolönd hérlandis þar sem reglunum er beitt. Aðeins þannig er hægt að nálgast málið með opin augun og öðlast skilning á því hverjar hinar raunverulegu afleiðingar eru og hvaða breytingar eru þá í farvatninu á búskaparháttum hérlandis.

Sveitarstjórn Rangárbing ytra leggur áherslu á að ná þarf betri skilningi og sátt um málið í heild sinni eigi það fram að ganga með farsælum hætti. Við leggjum því til að reglugerðin verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar og áhrif hennar greind betur áður en lengra er haldið. Jafnframt leggjum við til að leitað verði markvissar til bænda og búvísindafólks við reglugerðasmíðina - betur sjá augu en auga. Jafnframt tekur sveitarstjórn Rangárbings ytra undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hellu, 11.11.2021

Sveitarstjórn Rangárbings ytra